

Skólaráð

Fundur fimmtudaginn 28. október 2021 kl. 09:00

Mættir: Elísabet Kolbrún Eckard og Hannes Jón Jónsson fulltrúar foreldra, Arthur Lúkas Soffíuson og Dána Guðrún Kristinsdóttir fulltrúar nemenda, Arne Kristinn Arneson og Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir fulltrúar kennara, Ásdís Elvarsdóttir fulltrúi starfsmanna. Bylgja Baldursdóttir aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

1. Starfsreglur skólaráðs

Fundir haldnir fjórum sinnum á skólaári. 28. október, 13. janúar, 1. mars og 12. maí. Skólastjórnandi boðar fundina. Málefni send á skólastjórnanda sólahring fyrir fundi. Forföll tilkynnast til skólastjórnanda. Fundargerð verður birt á heimasíðu skólans. Foreldri ritar fundargerð.

2. Skipan skólaráðs

Tillaga kom um fulltrúa úr grenndarsamfélaginu og varamenn fyrir alla fulltrúa foreldraráðs.

3. Starfsáætlun Sandgerðisskóla

Farið yfir starfsáætlun skólans með fulltrúum foreldraráðs, áherslur skóláárs skoðaðar og ræddar. Almenn ánægja með starfsáætlunina.

4. Ytra mat og umbótaáætlun

Ytra mat var gert nú síðast í maí 2021 sem er aðgengilegt inni á heimasíðu Sandgerðisskóla, sandgerðisskoli.is og Menntamálastofnun mms.is. Niðurstöður voru sendar til foreldra. Verið er að vinna umbótaáætlun sem verður skilað 12. nóvember. Skólaráð lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöður ytra mats og hugmyndir að umbótum.

5. Nýjungar í skólastarfi

Nýtt inni í töflu hjá unglingstigi (8. – 10. bekkur), um klst. sem fer í vinnustund þar sem nemendur velja hvað þau vilja læra. Öll bókleg fög í boði þar sem kennarar skipta sér eftir sinni fagþekkingu og geta nemendur svo valið sér hvað þeir vilja læra þann daginn. Verður gerð könnun í vor til að meta ánægju nemenda og kennara.

6. Önnur mál

a. Umræða um samstarf nemendaráðs og foreldrafélags.

Fundi slitið kl. 09:55

Elísabet Kolbrún Eckard ritaði fundargerð.